

SKÍRNIR

TÍMARIT

HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS



Sérprent

Pýþagoras, rísómið og rúnirnar

Í MERKRI og skemmtilegri grein í Skírni haustið 2007 fjallar Gunnar Karlsson um stöðu og framgang tilviljana í sagnfræði, hættuna á, eins og hann orðar það, „að fræðimenn villist á orsakasambandi, beinu eða óbeinu, og tilviljunarkenndu sambandi tveggja eða fleiri staðreynda“ (Gunnar Karlsson 2007: 433). Hann sýnir hvernig menn geta valið ósjálfrátt úr sögulegum tilviljunum sem styðja hinar annars órökstuddu kenningar þeirra, og „láta tilviljunina fleyta sér áfram að settu marki“ (Gunnar Karlsson 2007: 443). Greinin er athyglisverð og djúptæk, og ég hlýt að taka hana til mín, því ég hef í hyggju að ræða um efni sem margir munu kalla tilviljun eina. Ég mun skoða þá tillögu, sem líklega kemur úr smíðju Einars Pálssonar, að úr fyrstu sex stöfunum í rúnastafrófinu, *fupark*, megi með hjálp lögmáls Grimms um fyrstu germönsku hljóðfærsluna, glögglega lesa nafnið *Pýþagoras*. Ég mun athuga þessa samsvörun nánar og reyna að setja hana í samhengi við það sem við vitum um breytingar á sérnöfnum í germönskum málum; jafnframt mun ég fjalla lítilsháttar um það sem þetta dæmi segir okkur um aðferðafræði, um hugtökin tilviljun, orsök og afleiðingu, og um hlutverk lesandans á þeim vettvangi.¹

Fyrst ber að gera þann fyrirvara, að ég get ekki eignað Einari Pálssyni þessa hugdettu nema óbeint. Mér vitandi kemur hún ekki fyrir í útgefnum verkum hans — sem ég hef þó ekki lesið öll. Fyrir allmörgum árum mætti ég honum á gangi úti við Gróttu. Það var snemma vors, sól skein í heiði, töluvert frost og snjór yfir öllu, norðankul. Við gengum spölkorn saman sjávargarðinn. Einar

1 Ég þakka Aðalsteini Eyþórssyni margar góðar ábendingar varðandi smíði þessarar greinar.

hafði þá nýlega hafist handa við að semja bækur á ensku og vildi fá mig til að lesa þær yfir og lagfæra málfarið eftir föngum.

Talið barst að rúnum. Ég man glöggt eftir orðaskiptum okkar. Hvað heldurðu um röðina, Einar, *fuþark* — heldurðu að hún hafi nokkra merkingu?

Hann snarstansaði í brakandi snjónum og horfði á mig hvasst. Uppábúinn í dökkum frakka, svörtum leðurhönskum og gljáandi svörtum skóm, byrjaður að heyja baráttu sína við krabbameinið. Þið háskólamenn eru allir eins, sagði hann. Hvað er langt síðan þú lærðir um lögmál Grimms? Ég ansa ekki svona bjánalegum spurningum.


Einar átti eftir að fá heilablóðfall, missa málið, læra aftur að tala, læra aftur að pikka á ritvél, og skrifa þrjár bækur á ensku áður en krabbameinið hafði betur. En ég þorði aldrei aftur að tala við hann um rúnir, og lengi vel sá ég ekki hvert hann var að fara. Það er kunnara en frá þurfi að segja að eitt meginstef í útgefnum verkum Einars er hlutverk tölvísi Pýþagorasar í landslagi hinna fyrstu norrænu byggða á Íslandi og hugmyndaheimi Íslendingasagna. Þegar hann dó skildi hann eftir heilar hilluraðir af möppum með óbirtum handritum og vélritum. Ef til vill koma þar einhvern tíma upp úr skjölum hugsanir hans um Pýþagoras og rúnirnar.²

Áður en lengra er haldið, skulum við athuga þessa meintu samsvörunánar. Fyrstu sex rúnir í stafrófinu eru ávallt þær sömu, *fuþark* í norræna stafrófinu en *fuþorc* í því fornenska. Athygli vekur hve margar rúnaáletranir hafa varðveist þar sem rúnastaf-rófið er ritað í heild sinni,³ og gefur þetta tilefni til að ætla að röðin sjálf hafi einhverja merkingu. Líkindi milli þessarar stafarunu og nafnsins Pýþagoras felast í því, að reglulegrar samsvörunar gætir samkvæmt germönsku hljóðfærslunni milli *p*, *g* og *r* í grísku og *f*, *k* og *r* í germönsku. *θ* og *þ* eru vensluð á annan hátt, sem ég mun fjalla um hér á eftir. Sérhljóðin *u* og *a* eru óbreytt, en segja má að a-rúnin samsvari bæði *a* og *o* ef við tökum einnig mið af fornensku

2 Síðustu þrjár bækur Einars Pálssonar (1925–1999) eru gefnar upp í heimildaskrá. Í tveimur þeirra (1993 og 1998) er gerð grein fyrir hlutverki tölvísi Pýþagorasar í landnámi Íslands og Njáls sögu.

3 Sjá t.d. Antonsen 1975: nr. 89, 90, 91, 102, 104 og 106.

röðinni, *fuþorc*. Grísk *g* og *r* hafa haft sætaskipti, en *r* hefur sterka tilhneigingu til að færa sig um set (*metapēsis*) í ýmsum evrópskum málum, þar á meðal hinum germönsku. Þetta sést í meðfylgjandi



skýringarmynd. Örvarnar sýna reglulegar samsvaranir samkvæmt germönsku hljóðfærslunni, en brotna línan frávik frá reglunni. En eins og kemur í ljós hér á eftir, verður einmitt þetta frávik frekar til að skerpa spor

Pýþagorasar í rúnunum en að ómerkja þau.

Fyrst ber að hafa í huga, að *Pýþagoras* er ekki venjulegt orð, heldur sérnafn. Sú staðreynd ein ætti að vera nóg til að ýta við okkur, því bæði er orðflokkurinn sérnöfn illa skilgreinanlegur og sérnöfnin sjálf afar viðsjál fyrirbæri. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* merkir *sérnafn* „nafn á tilteknum einstaklingi (eða eintaki) e-ar tegundar“. Þessi skýring hrekkur þó skammt, því *Hvíta húsið* er sérnafn, en ekki *hvíta húsið*, þótt í báðum tilfellum sé átt við eitt tiltekið eintak. Vandinn er sá að ekkert er því til fyrirstöðu að samnafn verði notað til að merkja einn ákveðinn einstakling eða fyrirbæri: *austurhlutinn*, *fjarðarbotninn*, hún fékk skrámu á *nefið*. Ekki var það óþekkt fyrr á öldum að líta á samnafn með ábendingarfornafni sem sérnafn. Charles Lock hefur eftir Hobbes (*Leviathan*, 1,4, 6): „Nöfn eru ýmist eiginleg og sérhæf gagnvart einum hlut, sem Pétur, Jón, þessi maður, þetta tré; eða samhæf mörgum hlutum, sem maður, hestur, tré...“ Og Lock heldur áfram: „Athyglisvert er að Hobbes flokkar hið deiktíska eða ábendingaformið meðal sérnafna, og ætti sú skilgreining að fara langt með að kveða niður draugasöguna um sérnöfn.“⁴

Höskuldur Þráinsson gerir tilraun til að sneiða hjá þessum vanda með því að skilgreina sérnöfn sem „þau nafnorð sem eru heiti tiltekins einstaklings, staðar, bókar, fyrirtækis o.s.fr.“ (2005:

4 „Of names, some are proper and singular to one only thing; as Peter, John, this man, this tree: and some are common to many things; as man, horse, tree. We note that the deictic or demonstrative is, for Hobbes, included among proper nouns: a categorization that ought to do much to expose the fallacy of the proper noun.“ (Lock 1999: 184).

42). Við getum ef til vill litið framhjá þeirri hringlaga skýringu að sérnöfn séu heiti, en verra er að öll festan er látin fjúka með niðurlaginu, „o.s.fr.“. Hjá Guðrúnu Kvaran (2005) kemur fram sami vandinn: nafnorð er „heiti einhvers“ (170) en sérnöfn eru „nöfn [...] sem mönnum, dýrum eða dauðum hlutum hafa verið gefin og eru sérheiti þeirra“ (162). Þeim Höskuldi og Guðrúnu er þó vorkunn, því við lauslega athugun í enskum málvísindaritum hef ég ekki fundið betri skilgreiningar, enda eru sérnöfn ætíð til vandræða í trjáraktargarði málfræðinnar (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005: 44, 216, 455 og víðar).

Hér verður þó eingöngu fjallað um þau flóknu hamskipti sem sérnöfn verða fyrir þegar þau flakka milli tungumála. Í ritgerð sinni um þýðingar, „Um turna Babel“,⁵ ræðir Jacques Derrida um sérstöðu sérnafna bæði í þýðingum og í tungumálum yfirleitt (Derrida 1985). Þótt erfitt geti verið að henda reiðu á þankagangi Derrida virðist mér hann segja að þar sem sérnöfn séu einstaklingsbundin og hafi ekki almenna skírskotun, þoli þau ekki þýðingu á sama hátt og samnöfn. Enda ljóst að hugtakið „öxi“ sé til í fleiri en einu tungumáli, en nafnið Skarphédinn hafi séríslenska skírskotun: Skarphédinn flytjist óþýddur yfir á önnur tungumál þar sem hann skíni í textanum „eins og barmmerki“.⁶

Derrida tekur undir eitt meginstef þýðingarfræðinnar á 20. öld með því að áréttta að *þýðing* eigi sér ekki síður stað innan eins tungumáls, orð öðlist fyrst merkingu þegar þau eru *þýdd* af lesandanum. Þýðing sé því það málfræðilega ferli umfram önnur sem ljær tungumálinu merkingu. Hann veltir því fyrir sér hvort sérnöfn séu í reynd hluti af tungumálum yfirhöfuð: nafnið Skarphédinn gæti öðlast hlutdeild í málinu með því að hugtökin *skarpur* og *hédinn* (í merkingu „skinnúlpa“) væru látin gilda, en um leið

5 Franski titillinn „Des tours de Babel“ er margræður, þýðir ýmist „um turna Babel“ eða einfaldlega „turnar Babel“, eða jafnvel „umsnúningar“ eða „óeiginleg málanotkun í Babel“; titillinn er einnig borinn fram nákvæmlega eins og „détour de Babel“, „hjáleið um Babel“ (Derrida 1985: 206). Orðaleikurinn hjá mér — um turna eða umturna — er daufur skuggi þessarar margræðni.

6 Hann segir á öðrum stað um óþýdda tilvitnun í ritgerð Walters Benjamin: „il l'a laissé briller comme la médaille d'un nom propre dans son texte“ (Derrida 1985: 221).

hætti nafnið að vera nafnorð.⁷ Eins og komið hefur fram, dregur Charles Lock (1999: 182) í efa tilvist sérnafna sem sérstaks orðflokks: samkvæmt honum er ótæk sú hugmynd að sérnafn sé hreint tákn sem hefur ekki aðra merkingu en að vísa til eins tiltek-
ins einstaklings, því alltaf fylgi „merkingarfræðileg aukahleðsla sem spyrnir á móti yfirfærslu milli tungumála“.⁸ Það sama má að sjálfsgöðu segja um öll orð, því „merkingarfræðileg aukahleðsla“ Locks er einmitt sá lifandi kjarni tungumálsins sem smýgur undan krufningatólum málvísindanna, og opinberar hið margumtalaða tvíeðli allra þýðinga: nauðsyn þeirra og um leið ógerleika. Ef til vill er hinn raunverulegi mismunur milli sérnafna og samnafna einmitt sá, að sambandið milli orðs og merkingar, hið óræða eðli táknsins, birtist hjá sérnöfnum í óvenju skýru ljósi. Ef til vill grill-
ir hér í nothæfa skilgreiningu á eðli sérnafna, skilgreiningu sem tekur mið af ferðamáta þeirra milli tungumála.


Hið karlmannlega kúrekanafn Bush forseta (en *bush* merkir m.a. kjarrlendi, óræktað land) skilar sér ekki í íslenskri setningu. Tyrkneski forsetinn Abdullah Gül glatar allri sinni mýkt og fegurð nema við þýðum nafn hans eftir raunverulegri merkingu: Guðmundur Rós. Cicero aftur á móti mundi ekki græða á þýð-
ingu, því hann virðist heita Kjúklingabaun. Fyrrum Rússlandsforseti, Владимир Путин, þolir þó fúslega breytingu í *Routine* á frönsku, enda væri *Putin* borið fram með svipuðum hætti og annað franskt orð sem börnum er bannað að segja upphátt.

Hér verður þó sjónum beint fyrst og fremst að germönskum mannanöfnum, sem fara sínar eigin leiðir og skeyta lítt um hefðbundnar reglur, ekki síður en hjá öðrum þjóðum. Enska konungsins Aðalsteins er minnst á Íslandi fyrir hlýhug og gjafmildi í garð skáldsins og hryðjuverkamannsins Egils Skallagrímssonar. Nafn þessa konungs á fornensku er Æþelstán. Nú vill svo til, að þegar samnöfn flakka milli fornensku og norrænu á þennan hátt,

7 Dæmin sem Derrida tilfærir eru orðið *pierre*, „stein“, og mannsnafnið *Pierre* (Derrida 1985: 173, 216). — Merking og uppruni orðsins *héðinn* eru umdeild, en það kemur ekki að sök hér.

8 „a semantic excess which resists transference from one language to another“ (Lock 1999: 187).

þræða þau oft hinar kunnu trjáræktarmyndir nítjándu aldar málfraeðinga, sem eiga að sýna ættartölu orða og tungumála. Sem dæmi mætti nefna orðin *stán* á fornensku og *steinn* á íslensku, en þau gefa tilefni til að álykta að í forngermönsku hafi sama fyrirbærið verið kallað *stainaz*. Í þessu tilfelli getum við reyndar sannreynt tilgátuna, því orðið *stainaz* hefur varðveist á rúnasteinum, t.d. á Krogsta- og Rävél-steinunum í Svíþjóð.⁹ Ættartalan lítur því svona út:



En þegar sérnöfnin *Æpelstán* og *Aðalsteinn* koma fyrir í heimildum ályktum við ekki að líkindi milli þeirra séu vegna þess að í forngermönsku hafi verið til mannsnafnið *Aþilostainaz* (þó það gæti svo sem verið). Með öðrum

orðum, þá umbreytingu sem konungsnafnið tekur milli fornensku og norrænu er ekki hægt að teikna upp sem ættartré: hér er um hliðarfærslu að ræða milli samliggjandi málsvæða, væntanlega án tillits til uppruna orðanna: *Æpelstán* færirst beint frá fornensku í norrænu og umbreytist um leið í norrænt orð: *Aðalsteinn*.

Lítum á þetta nánar. Hefðbundin þýðingarfræðileg nálgun krefst þess að þegar fornenska orðið *stán* er þýtt á íslensku sem *steinn* verðum við að líta á sífjar þeirra sem óviðkomandi þýðingarferlinu sjálfu; með öðrum orðum að þýðingarferlið sé eins og þegar um óskyld orð sé að ræða, þegar t.d. fornenska orðið *meowle* birtist í íslensku sem *kona*, en þau eru greinilega óskyld orð. Við skulum halda okkur við þessa hefðbundnu nálgun fyrst um sinn (þótt allsendis ófullnægjandi sé), og draga þá bráðabirgðaályktun að þar sem *stán/steinn* sé þýðing frekar en einhverskonar orðsifjafraeðileg tilfærsla, þá gildi það sama um *Æpelstán/Aðalsteinn*. Sem sagt, í þessu tilfelli hefur sérnafnið verið þýtt, í andstöðu við skilgreiningu Derrida og annarra sem ég gat um hér að framan. *Aðalsteinn* virðist vera af öðru sauðahúsi en þeir Bush og Gül, sem víkja sér undan þýðingu en verða þess í stað að einhverskonar tókusérnöfnum á íslensku.

9 Antonsen 1975: nr. 113 og 121.

Reyndar komst töluverður fjöldi fornenskra orða einmitt orðtökuleiðina inn í norrænu. Sem dæmi má nefna fornenska orðið *bát*, sem birtist í norrænu sem *bátr* en ekki **beitr* (ólíkt *stán/steinn*): ættartréð vantar, því *á* breytist ekki í *ei*.¹⁰ Hefði *Æpelstán* hagað sér á sama hátt hefðum við mátt búast við tökusérnafni eins og **Aðilstánn* í norrænu. En viti menn, sérnafnatilfærslur af því tæinu eru einnig algengar. Konungur okkar heitir fullu nafni *Æpelstán Éadwearding* í enskum heimildum, en höfundur *Egils sögu* kallar hann *Aðalstein hinn mikla Játvarðsson*. Breytingin frá *Éadweard* í *Játvarðr* er ekki í samræmi við ættar-töluferlið, sem hefði leitt til nafnsins *Auðvörðr*. Þess í stað birtist fyrri hluti nafnsins, *éad*, sem *ját* í íslensku (í handritum *iát-*), sem var rökrétt íslensk tilraun til að stafsetja enska framburðinn. Einnig er samsvörunin milli *-weard* og *-varðr* óháð u-stofns uppruna orsins (**war-ðu-*) sem gaf *-vörðr* á íslensku.¹¹ Yfirfærslur af þessu tæi, sem stjórnast af samtíma hljóðfræðilegum þáttum í stað málssögulegra, eru algengar, og mun ég víkja aftur að þeim hér á eftir.

Nú vill svo til að við höfum heimildir fyrir töluverðum fjölda sérnafna þar sem bæði enska og norræna myndin hafi varðveist, jafnt mannanafna sem staðanafna. Auk dæma úr enskum og íslenskum handritum er til fjöldi staðanafna frá austan- og norðanverðum Bretlandseyjum sem hafa varðveist ýmist í enskri eða norrænni mynd. Oft er það enska myndin sem birtist í elstu heimildum, frá fornenska tímabilinu, en í miðenskum heimildum er algengt að þessi sömu nöfn hafi orðið norræn að hluta eða að öllu leyti með tilkomu norrænna manna sem tóku upp búsetu á þessum slóðum. Í nútímanum eru þessi staðarnöfn greinilega af bæði enskum og norrænum uppruna, sum alensk, önnur alnorræn, og enn önnur blönduð. Matthew Townend (2002) notar þessi

10 Ásgeir Blöndal Magnússon (1989: 48) telur að kvenkyns skipsheitið *beit* sé „fremur ungt skáldaorð, leitt af so. *beita* ‚sigla skáhallt gegn vindi.“

11 Sbr. nöfnin *Einvarður*, *Guðvarður*; einnig tökuorðið *lávarður*, frá síð-fornensku (*h*)*láfard*, frá *hláfweard* (= *hleifvörður*). Hér má einnig benda á ýmis nöfn Óðins svo sem *Hléföðr*, *Hláföðr* og *Hleifruðr*, sem eru greinilega af sama meidi. (Pétur Knútsson 2004: 75–77).

nöfn til að styðja tilgátuna um að enskumælandi og norrænumælandi menn hafi skilið hvorir aðra að mestu leyti á þessum tíma (sbr. Pétur Knútsson 2008: 271). Townend vísar til hugmynda Hocketts (1987) um „umskiptareglur“ (*switching code*) og Milliken og Milliken (1993) um „samsvörun mállýskna“ (*dialect congruity*), en þessar hugmyndir gera ráð fyrir að samskipti milli mállýskna eða náskyldra tungumála eigi sér að einhverju leyti stað fyrir tilstuðlan sérstakra kerfisbundinna umskiptareglna, þannig að sá sem hlustar á mállýsku sem er frábrugðin hans eigin, beiti ómeðvituðum reglum til að túlka hin ókunnna hljóð (Townend 2002: 44–45). Hugmyndir þessar eru að mörgu leyti þær sömu og liggja til grundvallar generatífri mállýskufraði, sem gerir ráð fyrir að kerfisbundnar samsvaranir milli mállýskna endurspegli að mörgu leyti málsögu viðkomandi afbrigða.

Townend telur að tilvist enskrar og norrænnar útgáfu eins og sama staðarnafnsins bendi til að norrænir aðkomumenn hafi skilið merkingu upprunalega nafnsins. Í eftirfarandi dæmum er nútíma nafnið tilgreint fyrst, þá ýmsir leshættir úr enskum miðaldahandritum sem skrá þróunina úr ensku yfir í norrænu, og stundum aftur í ensku (Townend 2002):

Akefrith: Okesfrith Akefrith Eichefrid (fornenska *ác*, norr. *eik*) (70)

Ainsty: Anestig Ainsti Einesti (fornenska *án*, norr. *ein*) (71)

Austwick: Estewich Ovstevvic Austwich (fornenska *éast*, norr. *austr*) (76)

York: Eoforwic Yeorc (fornenska *eofor*, norr. *jöfur/jór*) (76)

Rockcliff: Redecrive Roudeclhua (fornenska *réad*, norr. *raudr*) (80)

Hér er greinilega um að ræða samskonar umbreytingar og viðsáum í Æþelstán/Aðalsteinn. En mynstrið Éadweard/Játvarður er einnig algengt. Townend tilgreinir mörg dæmi þar sem „umskiptareglur“ Hocketts virðast óvirkar, greinum ættartrésins hefur slegið saman og myndast hafa óvæntar tengingar eftir öðrum leiðum. Hér eru sýnishorn:

Beckwith: (*bec wudu*), Beckewith (fornenska *béc* beikitré, norr. *bekkr*) (71)

Caldy: Calders, Caldei (fornenska *ears* rass, botn, norr. *ey*) (76)

Cottingwith: Cotingwic Coteuid Cottingwith (fornenska *wíc wík*, norr. *viðr*) (85)

Plungar: Plungar Plumgard (fornenska *gár geir*, norr. *garðr*) (77)

Hawswick: Hochesuic Houkeswyck (fornenska *Hóc* mannsnafn Haki, norr. *haukr*) (79)

Holtham: (*æt holtum*) Oldham Oldheim (fornenska þágufallsending *-um*, norr. *heimr*) (84)

Við fyrstu sýn virðist sem gripið sé til óskylds norræns orðs þegar enska orðið hefur ekki skilist, en þessi skýring nægir ekki. Af þessum dæmum má sjá að fornenskt *wíc* verður að *viðr* í Cottingwith, en hefur „réttilega“ orðið að *wík* í Hawswick og Austwick; einnig breytist *wudu* „réttilega“ í *viðr* í Bekkwith. Breytingin í Caldý frá *rass* í *ey* kann að vera vegna þess að norræna orðið *rass* hafi verið ótækt í merkingunni „botn“; og eins virðist norræna orðið *geir* í Plungar ekki hafa gengið sem heiti á landsskika. Í Holtham hefur þágufallið *holtum* verið endurskilgreint sem *holt-hám/holt-heimr* vegna samanfalls áherslulausra sérhljóða. (Breytingin frá *holt* í *old* hefur síðan gengið til baka, e.t.v. undir áhrifum frá „réttri“ stafsetningu.)

Það er því ekki nauðsynlegt að álykta, þegar ættartala orðs hefur rofnað og ný orðmynd er komin í staðinn, að það gerist ávallt fyrir slysi eða misskilning. Um meðvitaða breytingu virðist á tíðum vera að ræða, hvort sem er í þýðingum, tökuorðum, eða innri þróun tungumáls (sbr. Pétur Knútsson 1993: 107–108).

Greinilegt er að nöfn eins og Játvarður og Játgeir séu af þessari tegund. Enn eitt dæmi er fornenska nafnið Ongenþéow sem birtist í norrænu sem Angantýr frekar en Anganþér. Þessi umskipti sjást einnig þegar nöfn úr óskyldum málum verða fyrir „þýðingu“ á íslensku. Keltneska konungsnafnið Oswiu virðist endurfæðast sem Ósvífr (Pétur Knútsson 2002: 155), írski nafnið Toirdelbach verður að Kerþjálfadr í Njáls sögu (Helgi Guðmundsson 1997: 202–203; sbr. Pétur Knútsson 2004: 49–50), og alþekkt er Naflajón, útgáfa af Napóleoni sem kemur fyrir í *Atómstöðinni*.

Ekki er úr vegi að spyrja hvernig eigi að taka á þessum duttlungafullu sérnöfnum frá sjónarhóli þýðingarfræði eða málvísinda yfirleitt. Eins og komið hefur fram, eru venslin að hluta til mál-

söguleg, að hluta til hljóðfræðileg (en sjaldan kerfisbundið), og velta einnig á þáttum svo sem skilningi og misskilningi, áhrifum frá merkingarsviðum orðanna og jafnvel tilhneigingu til orðaleikja. Ef til vill mætti greina hér útlínur tveggja meginkenninga um breytingar í tungumálum: annars vegar kvíslmyndunar (*Stammbaumtheorie*) hinna svokölluðu nýmálfræðinga á 19. öld, sem gerir ráð fyrir að einkenni tungumáls þróist og erfist líkt og ættartala, sem hægt sé að teikna upp sem tré; og hins vegar bylgjukenningarinnar svokallaðrar (*Wellentheorie*) frá svipuðum tíma, sem gerir ráð fyrir að nýmyndun í tungumálum eigi upptök sín í afmörkuðum málsvæðum en breiðist út þaðan yfir önnur málsvæði eins og hringlaga gárur í vatni þegar hreyft er við yfirborðinu.¹² Ljóst er að báðar þessar hugmyndir hafa ýmislegt til síns máls, þótt það hljóti að teljast svolítið vandræðalegt að þurfa að styðjast við tvær gjörólíkar kenningar í einu þegar skýra skal frá uppruna orða; það skortir fræðilega umgjörð sem nær utan um öll þessi ferli á einum vettvangi. Þessi vandi er einkanlega skýr þegar bæði ferli sameinast í einu orði, eins og t.d. enska konungsnafninu Éadgár, sem birtist í íslensku sem Játgeir. Það er varla viðunandi framsetning að beita einni greiningaraðferð við fyrri hluta orðsins (*éad/ját* er hljóðfræðileg breyting, sem mætti líkja við bylgjuhreyfingu út frá áhrifspunkti) þegar seinni hluti orðsins virðist fylgja ættartölumynstrinu (*gár* og *geir* hafa bæði þróast úr forn-germönsku **gaizaz*). Reyndar er þessi vandi viðvarandi í sögulegri málfræði, þar sem það virðist vera undir hælinn lagt hvort tiltekið orð hafi þróast línulega í einangruðum „hreinum“ ættlegg, eða kastast til milli greina.

Kastast orð til milli greina? Það er einkennilegt hvernig myndmál trésins virðist okkur edlilegt í þessari orðræðu, og reyndar varhugavert, það er ekki laust við að myndin hafi orðið að raunveruleika í huga okkar, þannig að útlínur upprunalegu fyrirbæranna — sem eru vissulega ekki í laginu eins og tré — verði ósýnileg. Svo rammt kveður að þessu að jafnvel í þeim mörgu tilvikum

12 „Trjástofnskenningin“ er oft kennd við August Schleicher (1868), en „bylgjukenningin“ var sett fram af Johannes Schmidt (1872).

þegar hæpið er að miða fyrirbærin við trémynstrið, eins og hér að ofan, drögum við samt upp mynd af ferli sem gengur „þvert á greinarnar“ (þótt þessi ferli séu *greinilega* öll af sama *meiði*).

Á áttunda áratug síðustu aldar lögðust Gilles Deleuze og Félix Guattari til atlögu við tréð, m.a. með ritgerð sinni „Rhizome“. Ritgerðin var endurprentuð sem fyrsti kafli rits þeirra *Mille plateaux* (1980), en hún hefur komið út í íslenskri þýðingu Hjörleifs Finnsonar undir titlinum „Rísóm“ (Deleuze og Guattari 2002: 14–58). Fyrir Deleuze og Guattari tákngerir tréð „stigveldisbundnar formgerðir og línulega hugsun“ (svo ég notfæri mér orðfæri Geirs Svanssonar í formála að *Heimspeki verðandinnar*, 9). Tréð birtist einna skýrast í málvísindum, hvort sem er í mál-sögulega ættartrénu eða í setningarfræðilegum hríslumyndum generatífrar málfræði; en höfundar sjá merki þess víðar: „Það er merkilegt hvernig tréð hefur drottnað yfir hinum vestræna raunveruleika og allri vestrænni hugsun, allt frá grasafraedinni til líffraedinnar og líffærafraedinnar, en einnig yfir þekkingarfraedinni, guðfraedinni, verufraedinni, heimspékinni allri“ (Deleuze og Guattari 2002: 43). M.a. hefur þessi hugsun mótað orðræðu rök-hugsunar í íslensku, eins og við sáum hér að ofan: við tölum ávallt um *greiningu* á fyrirbærum.

Gegn trénu tefla Deleuze og Guattari fram rísóminu eða rót-arávextinum sem vex með öðrum hætti, ekki með tvígreindum kvíslum sem mynda stigveldi, heldur sem heilmýnd eða hólógraf. Með orðum Geirs Svanssonar er rísómið „órætt eða óendanlega margrætt; það afbyggir stigveldið, grefur undan forræði, myndar óvænt tengsl og framleiðir flóttalínur undan valdformgerðum, bælingu og kúgun sem hindra ‚mikilvægustu tengsl okkar við heiminn‘: Framleiðslu á þrám“ (Geir Svansson 2002: 10). Meðal helstu einkenna rísóms er að „hvaða punktur rísóms sem er getur tengst og verður að tengjast hvaða öðrum punkti rísóms sem er.“¹³

13 Mín þýðing. Hjörleifur þýðir „... getur tengst og verður að geta tengst hvaða öðrum punkti rísóms sem er ...“ en samkvæmt Deleuze og Guattari eru allar þessar tengingar ekki aðeins hugsanlegar heldur nauðsynlegar, þær skilgreina sjálf fyrirbærið: „n'importe quel point d'un rhizome peut être connecté avec n'importe quel autre, et doit l'être“ (Deleuze og Guattari 1980: 13). — Á öðrum

Deleuze og Guattari virðast fjalla annað veiðið um rísómið eins og það væri jafngilt trénu, eins og báðar myndhverfingar falli saman í eitt og nái í sameiningu að skilgreina fyrirbærin. T.d. segja þeir: „Það eru til trjálaga hnútar í rísómunum og rísómískar spírur í rótunum. Reyndar eru einræðislegar (*despotiques*) rásóttar tengingar eðlilegar í rísómum, og í hinni yfirskilvitlegu byggingu trjáa koma fyrir stjórnlausar afmyndanir, loftrætur og neðanjarðarstrengir. Það sem máli skiptir er að rótartréð og rásar-rísómið eru ekki andstæð líkön“ (Deleuze og Guattari 1980: 30–31).¹⁴ En þetta er ekki meginhugsun þeirra. Ljóst er af ritgerðinni „Rísóm“ í heild, og af ritinu *Mille plateaux* sem heild,¹⁵ að höfundar sjá rísómið sem frumformið: það er innan ramma rísómsins sem skammæ brot af trénu kvikna í sífellu eins og daufir drættir trosnaðs vefnaðar, en hverfa jafnóðum. Glíman við að skilgreina fyrirbæri tungumálsins sem tvígreint stigveldiskerfi heppnast á köfl-

stað segja þeir að það séu „engir punktar eða stöður í rísóminu, ... aðeins línur“ (Deleuze og Guattari 2002: 24), og virðast þessar hugsanir stangast á. En fyrir Deleuze og Guattari er ónákvæmni (eða réttara sagt „nákvæmnisleysi“, *anexactitude*, sem er ekki það sama og *inexactitude*) nauðsynlegur þáttur í afstöðu þeirra: „Við þurfum nauðsynlega á nákvæmnislausum táknum að halda til þess að nefna eitthvað á nákvæman hátt. Alls ekki vegna þess að þá leið verði að reyna og alls ekki vegna þess að maður kemst aðeins áfram með [ónákvæmum] nálgunum. Nákvæmnisleysið er á engan hátt [ónákvæm] nálgun; þvert á móti er það hin nákvæma leið þess sem gerist.“ (Deleuze og Guattari 2002: 48–49). — Orðið *nálgun*, sem þýðandinn notar hér þar sem franski textinn hefur *approximation*, er í sjálfu sér dálítið ‚ónákvæm‘ þýðing, og því hef ég bært við ‚ónákvæm(um)‘ — „il faut absolument des expressions anexactes pour désigner quelque chose exactement. Et pas du tout parce qu’il faudrait passer par là, et pas du tout parce qu’on ne pourrait procéder que par approximations : l’anexactitude n’est nullement une approximation, c’est au contraire le passage exact de ce qui se fait“ (Deleuze og Guattari 1980: 31).

- 14 Þýðing mín hér er byggð á þýðingu Hjörleifs Finnsonar, með breytingum. — „Il y a des nœuds d’arborescence dans les rhizomes, des poussées rhizomatiques dans les racines. Bien plus, il y a des formations despotiques, d’immanence et de canalisation, propres aux rhizomes. Il y a des déformations anarchiques dans le système transcendant des arbres, racines aériennes et tiges souterraines. Ce qui compte, c’est que l’arbre-racine et le rhizome-canal ne s’opposent pas comme deux modèles.“
- 15 T.d. í 4. kafla, „Postulats de la linguistique“ eða Staðhæfingar málvísindanna, þar sem höfundar gera miskunnarlausu atlögu að generatífri málfræði eins og hún birtist á 8. áratugnum.

um, í málfræði jafnt sem í málsögu, en fráleitt er að gera sér í alvöru vonir um að endanleg skilgreining á öllum þáttum mannglegra tungumála geti byggst á slíku kerfi. Kvíslar eins og við sáum á bls. 10, þar sem stainaz greinist í stán og steinn, birtast í hyllingum í hvert sinn sem orðin *stán* og *steinn* kallast á, í þýðingum, í orðabókum, í fræðiritum; og veikari kvíslmyndir kvikna stundarkorn þegar við lesum *Æpelstán* sem *Aðalsteinn*. En heildartengingar vantar, og óljós brotin dofna um leið, því „hugsunin er ekki greinótt eða tréлага og heilinn er hvorki rótgróið né kvíslótt efni“ (Deleuze og Guattari 1980: 38).¹⁶ Þegar Deleuze og Guattari tala um „hina greinóttu trjámenningu“ (37) sem meginstef vestrænnar hugsunar eiga þeir t.d. við, að þegar útlínur stigveldisins koma í ljós vaknar tilhneiging til að nota þær sem grundvöll frekari raka og smíða raunveruleika sem engin stoð er fyrir.

Nú er síður en svo að ég telji rísómið allsherjarlausn á þessum vanda. Ljóst er að það tekur mið af sama líffræðilega myndheimi og tréð: rísómið er fyrst og fremst and-tré, og nær því ekki að sprengja hugtakarammann. Reyndar hef ég á öðrum stað (Pétur Knútsson 2004) gert tilraun til að móta allt aðra lausn; en velþekkt hugmynd þeirra Deleuze og Guattari er prýðilegt tæki til að draga fram óhæfi ríkjandi fræðilegrar orðræðu um eðli tungumála — ekki sist þegar ferðast skal um hið stórbrotna landslag tilviljana. Þetta ber að hafa í huga nú þegar við leggjum upp í næsta áfanga á vegferð okkar til Pýþagorasar.

Samkvæmt Jóni Helgasyni (1967: 158) benti Guðbrandur Vigfússon fyrstur manna á að örnefnið Harvaðafjöll í *Hlöðskviðu* mætti túlka sem fjallaklasann mikla Karpates (á pólsku Karpaty), sem gengur í sveig frá Póllandi suður í Rúmeníu. Í *Hervarar sögu* segir frá því er þrælar Heiðreks konungs gerðu uppreisn, drápu konung og höfðu á brott með sér sverðið Tyrfing. Sonur Heiðreks, Angantýr, leitar hefnda: hann kemur að þegar fiskimenn þrír veiða geddu við ána Grafá og sneiða af henni hausinn með sverði. Þá mælir einn fiskimannanna:

16 „La pensée n'est pas arborescente, et le cerveau n'est pas une matière enracinée ni ramifiée.“ (Deleuze og Guattari 1980: 24).

Þess galt hon gedda
 fyrir Grafár ósi
 er Heiðrekr var veginn
 undir Harvaða fjöllum. (*Hlöðskviða IV*)¹⁷

— og Angantýr kennir sverðið Tyrting.

Venslin milli *harfaþ*- og *karpát*- eru regluleg samkvæmt fyrstu germönsku hljóðfærslunni, og flestir skýrendur fallast á tillögu Guðbrands.¹⁸ En eins og að líkum lætur, tekur öll umfjöllun mið af trénu: það er eins og menn geri ósjálfrátt ráð fyrir því að hið norræna orð hafi varðveist frá tímum fyrir hljóðfærsluna. Til dæmis segir Christopher Tolkien í útgáfu sinni frá 1960:

The most remarkable of the place-names in this part of the saga is perhaps *Harvaða-fjöll*, which occurs in a half-strophe ... that must be among the strangest fossils in the whole range of Norse ... The view is not challenged, I think, that *Harvaða*- is the same name in origin as 'Carpathians'. (Tolkien 1960: xxiii)

En eins og vænta má er Jón Helgason ekki alls kostar ánægður með þessa tilgátu: „Ekki er laust við að einhver ótrúleikabragur sé á þessu“ (Jón Helgason 1967: 158). Ekki svo að skilja að Jón finni að orðsifjafræðinni, sem er óumdeild; mótbárur hans eru frekar af praktískum toga: honum finnst grunsamlegt að nafnið hafi ekki varðveist í þessari mynd nema í norrænu, og segir svo: „Spottakorn er þaðan til Íslands og líklega fá dæmi þess að andlátsfregn einnar geddu hafi borizt aðra eins leið“ (Jón Helgason 1967: 158–159). En mig grunar að það sem truflar hann sé fremur fjarlægðin í tíma heldur en í rúmi: honum hrýs hugur við að horfa svo langt aftur í tíma að *karpát* og *harfaþ* rugli saman reytunum. Þar sem hin orðsifjafræðilega samsvörun bendi til óheyrilegs aldurs,

17 Texti eftir útg. Finns Jónssonar (1915: 270)

18 Í *Corpus poeticum boreale* I (1883: 352) þýðir Guðbrandur Harvaðafjöll sem „the Carpathian hills“. Í *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915: 270) kallar Finnur Jónsson þau einfaldlega „Harvaðafjeldene“, en í endurútgáfu sinni að *Lexicon Poeticum* (1913–16) hinsvegar segir hann „vistnok Karpaterne“. — Ég þakka Þórhalli Eyþórssyni fyrir að minna mig á Harvaða-fjöll.

hljóti hún að vera tilviljun. Röktengslin eru trélagi — e.t.v. gætum við kallað þau *trénuð*.

Rifjum upp að þótt Eoforwíc sé sama nafn og Jór vík er ekki þar með sagt að borgin hafi einu sinni átt forngermanskt nafn. Samsvörunin er, eins og við höfum séð, hliðarfærsla sem gerist löngu eftir að hið forngermanska **eburaz* var horfið.¹⁹ Tvítyngd örnefni eru algeng í Evrópu og vafalaust víðar, oft í formi hálfkerfisbundinna samsvarana með orðsifjafræðilegu ívafi. Í Finnlandi er urmull nafna eins og Porvoo/Borgå, en finnska og sænska hafa enga sameiginlega formóður. Tékkneska borgin Karlovy Vary heitir öðru nafni Karlsbad; hér hefur greinilega orðið hliðarbreyting eins og í dæmum hjá Townend hér að ofan, því tékkneska nafnið virðist samsvara betur nafninu Karlsberg eða -borg. Þessar samsvaranir eru alls ekki merki um óheyrilegan aldur.

Eins og lesendum er e.t.v. löngu orðið ljóst, hefði Jón Helgason vafalaust fundið sams konar ótrúleikabrag á tengslunum milli *fuþark* og *Pýþagoras*, enda eru þau eins og milli *Harvaðafjöll* og *Karpates*. Þetta sést betur ef við höfum grísku myndina af *Karpates*, *Karpafía*, því nú birtist sama orðsifjafræðilega ónákvæmnin — eða öllu heldur nákvæmnisleysið — og kemur fyrir hjá *fuþark* og *Pýþagoras*: grískt þeta og germanskt þörn kallast á.

Fetum við nú refilstigu tilviljana, eða getum við fundið einhverja trélagi greiningu á þessu öllu saman? Víst er, að nákvæm kortlagning tilviljana verður ekki gerð nema öllum mögulegum orsakatengingum séu gerð viðunandi skil, og það höfum við ekki gert ennþá. Við höfum séð að fjarlægðin í tíma er ekki tiltökumál: við erum ekki að tala um tíma áður en gríska og germanska klufu sig frá indóevrópsku (raunveruleika trésins) heldur tíma þar sem grískumælandi og germönskumælandi menn höfðu það náði samneyti að hálfkerfisbundnar samskiptareglur Hocketts hefðu getað orðið til milli tungumálanna, eða meðvitaðar breytingar og orðaleikir. Við þurfum ekki að leita langt til að finna líklegan stað

¹⁹ Fornenska nafnið Eoforwíc virðist vera hljóðlíking frá keltnesku nafni sem endurspeglast í nafninu sem Rómverjar gáfu borginni, Eburacum.

og tíma: það gerist á 4. öld hjá Gotum í ríki Jörmunreks suður í Dakíu, einmitt á þeim tíma sem sagt er frá í *Hervarar sögu* (enda ber að geta þess að líkindi milli nafna Jörmunreks, sem birtist á latínu sem (H)ermanricus, og Heiðreks, konungsins sem var veginn undir Harvaðafjöllum, er af svipuðum toga og Éadgar og Játegir eða Ongenþeow og Angantýr.²⁰

Í gotneskum heimildum frá þeim tíma virðist þó ekki hægt að finna dæmi um sérnöfn sem benda til germönsku hljóðfærslunnar á sama hátt og hjá Karpates/Harvaðafjöll eða Pýþagoras/fuþark. Í þeim fjölda austur-gotneskra mannsnafna sem hafa varðveist ýmist í latneskri eða grískri mynd, sem Ferdinand Wrede (1891) skráir frá 4. til 7. aldar, er ávallt um hljóðfræðilega færslu að ræða.²¹ Í gotneskri biblíuþýðingu Wulfila frá þessum tíma eru sérnöfnin í gríska textanum nær öll þýdd eftir hljóðum sínum. Með öðrum orðum: Wulfila meðhöndlar grísk-hebresk sérnöfn Nýja testamentisins á svipaðan hátt og gert er í seinni tíma biblíuþýðingum, þannig að þau taka á sig þann sama alþjóðablæ sem við þekkjum í dag; enda varla við öðru að búast. Ἰακώβ og Πέτρος, á latínu Iacob og Petrus, skila sér hjá Wulfila sem Iakob og Paitrus, *k* og *p* breytast ekki í *h* og *f*. Að vísu gerist það hér og þar að *p* birtast sem *f*, sem er að formi til sama breytingin og germanska hljóðfærslan, t.d. í orðunum Kafarnaum (lat. Capernaum); en hér virðist heldur vera um hljóðlíkingu frá grísku φ að ræða (Καφαρναου). Á sama hátt birtist grískt θ ávallt sem *þ*, eins og þegar hefur komið fram. Í gotnesku kemur einnig fyrir lýsingarorðið *kreks* ‚grískur‘ þar sem breytingin úr *g* í *k* hjómar eins og germanska hljóðfærslan. Það sama gerist í fornensku: *crécas*, ‚grískir‘. Hér kann að vera um að ræða einhverja breytingu í átt

20 Líkindum milli *jörmun* eða (*h*)*erm*- annars vegar og *heið*- hins má lýsa sem hverfandi (og þó ákveðinni) hljóðfræðilegri samsvörun. Ég hef kallað þessa tegund af samsvörun *eftirlíkingu* (1984) eða *quasi-cognation* (2004: 73–77 og 221–223), og greint hana sem „coherent partial non-systematic [interference]“ (221). — „The interesting point however is that the new form frequently bears a clear formal resemblance to the source, often beginning with the same or a similar consonant, perhaps with a similar vowel and a syllabic structure which echoes the original“ (2004: 73).

21 Ég þakka Magnúsi Snædal þessa vísbendingu.

við samskiptareglur Hocketts, þar sem latneskt *g* samsvarar germönsku *k*, en ekki er þessi breyting gegnumfærð, og líklega koma aðrir analógískir þættir hér við sögu.

Wulfila er ávallt kallaður Ulfilas í latneskum textum, þ.e. með hljóðfræðilegri frekar en málsögulegri breytingu, en sjálft nafnið Wulfila samsvarar latneska orðinu *vulpecula*, 'lítill refur'.²² Latneska orðið *vulpes*, 'refur', er samstofna **wulfaz* (úlfur) á germönsku. Dæmi eru um það að fornenska nafnið Wulf sé þýtt sem Lupus (úlfur) á latínu.²³ Gera má þó ráð fyrir að á síðlatínutímum hafi orðið *vulpes* getað tengst úlfshugtakinu, t.d. vegna áhrifa frá germönsku **wulfaz* eða slavneskum málum (fornkirkjuslavneskt *vluku*, pólskt *wilk*), og orðið *vulpecula* verið notað í merkingunni 'lítill úlfur', þ.e. refur. Hjá Jóhannesi Heveliusi, pólskum stjarnfræðingi á 16. öld, er greinilegt að orðið *vulpecula* merkir 'refur' en ekki 'smárefur'; hann býr til nafnið *Vulpecula cum anser* fyrir stjörnuþýrpingu sem við þekkjum nú sem Vulpecula, en myndin í bók hans er ekki af neinum smáref heldur fullvaxta ref sem heldur heilli gæs í kjaftinum (Hevelius 1690) — enda ber hið algenga enska kráarnafn *The Fox and Goose* vitni um ævagamalt þjóðsagnaminni. Því kemur vel til greina að Wulfila sjálfur, sem bjó í samfélagi þar sem gotneska, latneska og gríska voru jafngjaldgeng, liti á nafn sitt sem gotneska útgáfu af nafninu Vulpecula í merkingunni 'lítill úlfur' — þ.e. refur — frekar en 'lítill refur'.

Nú mun kominn tími til að snúa sér aftur að Pýþagorasi og skuggamynd hans í rúnunum; nú, mætti líka segja, með orðum Gunnars Karlssonar, „mun kominn tími til að snúa sér að því að kanna hvað við eigum við nákvæmlega með orðinu *tilviljun*“ (Gunnar Karlsson 2007: 440). Það að nafnið Pýþagoras megi lesa úr stafaröðinni *fupark* er, eins og við höfum séð, jafn óumdeilalegt og samsvörunin milli Harvaðafjalla og Karpates; og því má spyrja: Hvaðan kemur þessi vantrú sem læðist að okkur, hvers

22 Þessi samsvörun gerir ráð fyrir millimynd í líkingu við *Wulfihula.

23 Sbr. *Sermo lupi ad anglos*, predikun Wulfstáns. *Lupus* og *vulpes* eru upprunalega samstofna víxlmyndir (ie. **wlp* og /**lup-*

vegna leyfum við okkur að tala um ótrúleikabrag en leggja til þess ekki þyngri rök en brandara um geddu? Gunnar hefur eftir sagnfræðingnum John B. Bury þá skilgreiningu að tilviljun sé „árekstur tveggja innbyrðis óháðra orsakakeðja“ (Gunnar Karlsson 2007: 440). Myndmálið hér er einkennilega tréлага: greinar ættartrésins, sem slást saman í stormviðri aldanna og mynda órökræn og óviðurkvæmleg tengsl, birtast okkur nú sem orsakakeðjur: Gunnar talar um „að sveifla sér á milli orsakakeðja“ (Gunnar Karlsson 2007: 440) og við sjáum fyrir okkur fræðimanninn í líki Tarzans sem fleygir sér ábyrgðarlaus milli keðjulaga greina. En hvernig sem hlutirnir hafa gerst, hvort sem það er samsláttur keðjugreina eða kynhreint orsakasambengi, hlýtur það sem við köllum dags daglega ‚tilviljun‘ að koma við sögu: eða velta ekki öll genaskipti, kjarninn í lífstrénu, á tilviljunarkenndum keðjusamsláttum? Það er að sjálfsögðu tilviljun að nafnið Napóleón skyldi líkjast Naflajóni, en samsvörunin verður óafmáanleg með útkomu *Atómstöðvarinnar*. Það er tilviljun að enska orðið *feasible* skyldi hljóma eins og *fýsilegur*, en hér er komin rökskýring á því að margur Íslendingur haldi að *a feasible alternative* merki það sama og *fýsilegur kostur*.

Hér er ég að vísu ekki að halda öðru fram en að tilviljun geti haft áþreifanlegar afleiðingar, og síst af öllu vil ég snúa út úr fyrir Gunnari. Eins og hann veigra ég mér við að fjalla um orsök og afleiðingu í anda upplýsingarmanna, að slíta þær í sundur að hætti Humes eða þræða þær upp á veftré rökfræðinnar að hætti Kants. Reyndar finnst mér einsýnt að allar rökræður um orsakasambengi eða tilviljun komi efni þessarar greinar harla lítið við: okkur er svo sem heimilt að ímynda okkur að einhver frum-rúnameistari hafi verið svo hrifinn af fræðum Pýþagorasar að hann hafi greipt nafn hans í rúnum. Hitt er annað að lestur nafns hans í rúnunum er orðinn staðreynd og varla hægt að ímynda sér að enginn hafi tekið eftir því fyrr en núna. Eins og við Gunnar Harðarson höfum báðir bent á, hafa hugsandi menn fyrr á öldum gert sér grein fyrir hljóðfræðilegum og einnig kerfisbundnum samsvörunum milli tungumála (Gunnar Harðarson 1993; Pétur Knútsson 2004: 37–40).

Nú vitum við ekki hvort Wulfila hafi þekkt rúnastafrófið *fuþark*; en hann var bókamaður, með gotnesku, grísku, latínu og vafalítið fleiri tungumál á takteinum. Og hafi hann þekkt rúnirnar, geri ég mér góðar vonir um að hann hafi tekið eftir Pýþagorasi í þeim. Raunveruleiki textans er skilningur lesandans á hverjum tíma, hvort sem hann er leikmaður eða lærður, grúskari eða fíló-lóg. Málsöguleg, bókmenntaleg og menningarleg framvinda tungumáls ræðst af aðkomu notenda þess. Einu gildir hvort það sem lesandi finnur í textanum sé þar tilkomið að hætti trés eða rís-óms: það á sér þar lögheimili.

Heimildir

- Antonsen, Elmer H. 1975. *A concise grammar of the older runic inscriptions*. Tübingen: Max Niemeyer Verlag.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Deleuze, Gilles og Guattari, Félix. 1980. *Mille plateaux (Capitalism et schizophrénie 2)*. Paris: Les Éditions de Minuit.
- Deleuze, Gilles og Guattari, Félix. 2002. Rísóm. *Heimspeki verðandinnar: Rísóm, sifjar og innrætt síðfræði* (bls. 15–58). Ritstj. Geir Svansson. Hjörleifur Finnson þýddi. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían.
- Derrida, Jacques. 1985. Des tours de Babel. *Difference in translation* (bls. 165–207, á ensku, og 209–248, á frönsku). Ritstj. J.F. Graham. Ithaca og London: Cornell University Press.
- Einar Pálsson. 1993. *The sacred triangle of pagan Iceland*. Reykjavík: Mímir.
- Einar Pálsson. 1994. *Evil and the earth. The symbolic background of Mördur Valgarðsson in Njáls saga: A study in medieval allegory*. Reykjavík: Mímir.
- Einar Pálsson. 1998. *Allegory in Njáls saga and its basis in Pythagorean thought*. Reykjavík: Mímir.
- Finnur Jónsson. 1916. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, B II. Kaupmannahöfn og Kristiania: Gyldendal.
- Geir Svansson (ritstj.). 2002. *Heimspeki verðandinnar: Rísóm, sifjar og innrætt síðfræði*. Reykjavík: ReykjavíkurAkademían.
- Guðbrandur Vigfússon og E.York Pöwel. 1883. *Corpus poeticum boreale*, I. Oxford: Clarendon Press.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð: Handbók um beygingar og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga, 2. Reykjavík: Almenna bókaforlagið.
- Gunnar Hardarson. 1993. Latneska málfræðihéðin á miðöldum. *Íslenskt mál*, 15, 141–157.
- Gunnar Karlsson. 2007. Tilviljunin, besti vinur fornfræðingsins. *Skírnir*, 181, 432–449.

- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hévelius, Johannes. 1690. *J. Hevelii Prodromus astronomiae cum catalogo fixarum & firmamentum Sobiescianum*. Gedani [Gdansk]: Typis Johannis-Zachariae Stollii.
- Hockett, C.F. 1987. *Refurbishing our foundations*. Current Issues in Linguistic Theory, 56. Amsterdam: Benjamins.
- Höskuldur Práinsson. 2005. *Setningar: Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga, 3. Reykjavík: Almenna bókaforlagið.
- Jón Helgason. 1967. *Kviður af Gotum og Hinnum*. Reykjavík: Heimskringla.
- Lock, Charles. 1999. Conveying the silence: Towards a grammatological theory of translation. *Literary Research — Recherche littéraire*, 16(32), 182–201.
- Milliken, M.E. og Milliken, R. 1993. System relationships in dialect intelligibility. Preprint, 1993 Language Assessment Conference, Horseleys Green.
- Pétur Knútsson. 1993. Learned and popular etymology: Prescription vs. intertextual paronomasia. *Íslenskt mál*, 15, 99–120.
- Pétur Knútsson. 2002. Þeim var ek verst: Líadan og Cuirithir í Laxdælu. *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 3, 153–162.
- Pétur Knútsson. 2004. *Intimations of the third text: An enquiry into intimate translation and tertiary textuality*. Doktorsritgerð. Det Humanistiske Fakultet, Københavns Universitet.
- Pétur Knútsson. 2009. Beowulf and the Icelandic conquest of England. *Det norrøne og det internationale* (bls. 263–268). Ritsj. Annette Larsen. Reykjavík: Stofnun Vígðisar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Pétur Ridgewell [= Pétur Knútsson]. 1984. Um þýðingu Halldóru B. Björnsson á Bjólfskviðu. *Skírnir*, 158, 223–244.
- Schleicher, August. 1868. *Die deutsche Sprache*. Stuttgart.
- Schmidt, Johannes. 1872. *Die Verwandtschaftsverhältnisse der indogermanischen Sprachen*. Weimar.
- Tolkien, Christopher. 1960. Preface. *The Saga of King Heidrek the Wise*. Ritsj. Christopher Tolkien. London: Thomas Nelson and Sons Ltd.
- Townend, Matthew. 2002. *Language and history in viking age England*. Turnhout: Brepols.
- Wrede, Ferdinand. 1891. *Über die Sprache der Ostgoten in Italien*. Strassburg: Karl J. Trübner.